



# ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði, 3. apríl 2023.

## Efni: 53. þing ÍBH - þingboð

### Ágæti formaður

53. þing ÍBH verður haldið fimmtudaginn 11. maí nk. í Hásölum safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju og hefst stundvíslega kl. 17:00 og áætluð lok eru kl. 21:00.

Þau mál sem aðilar ÍBH óska að verði á dagskrá þingsins, skulu berast skrifstofu ÍBH í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þingsetningu, þ.e. miðvikudaginn 27. apríl nk.

Í þinghléi verður boðið uppá léttan kvöldverð.

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf sem skila þarf til ÍBH 27. apríl nk. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags er meðfylgjandi á sérblaði.

Aðildarfélög ÍBH eru beðin um að senda með kjörbréfinu tilnefningar í stjórn ÍBH fyrir næstu tvö ár. Hvert aðildarfélag hefur heimild til að tilnefna tvo frambjóðendur í stjórn ÍBH sem ekki mega vera af sama kyni (fullt nafn og kennitala). Kosið er um átta stjórnarmenn. Hvert aðildarfélag má eingöngu hafa einn stjórnarmann í stjórn.

Framboðum til formanns ÍBH þarf einnig að skila inn til skrifstofu ÍBH fyrir 27. apríl nk.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH